



Jarðfræðikortlagning höfuðborgarsvæðis

Árni Hjartarson

Greinargerð ÁH-93-05

JARÐFRÆÐIKORTLAGNING HÖFUÐBORGARSVÆÐIS
Árni Hjartarson

Vatnafarskort

Á árinu 1993 hefur verið unnið að vatnafarskortlagningu höfuðborgarsvæðisins samkvæmt tímaáætlun frá því í okt. 92. Tvö kortblöð hafa verið höfð undir, Viðey 1613 III NV og Bláfjöll 1613 III SA.

Útivinnu og handritsgerð Viðeyjarkorts lauk í vor og teikning er hafin. Vinna sem telst eftirlit með, eða leiðbeiningar vegna teiknivinnunnar, prófarkalestur, fundir í kortahópi og með verk-kaupum má búast við að taki 18-20 daga. Stefnt er að því að kortið komi út fyrir áramót en ljóst er að rösklega verður að standa að verki ef það á að takast.

Útivinna við Bláfjallakort er langt komin. Enn þarf nokkra foldardaga sem skiptast þannig:

Rennslismælingar á lindalækjum óg ársprænum	1-2 dagar
Borholuathuganir	1 dagur
Athugun í Bláfjöllum	1 dagur
Athugun á Mosfellsheiði	1 dagur
Úrvinnsla og handrit	5 dagar
Alls til áramóta	9-10 dagar

Teiknivinna gaeti hafist fljótega en þó er ekki gert ráð fyrir að byrjað verði á henni fyrr en eftir áramót. Kortið á að koma út sumarið 1994.

Að ósk Hitaveitu Reykjavíkur verður Mosfellssveitarkortið 1613 III NA gefið út þótt forsvarmenn sveitarfélagsins haldi fast um punginn og ekkert muni þaðan renna. Foldarvinnan verður unnin á næsta ári en þó má segja að fyrsta yfirferð og athuganir hafi þegar verið gerðar.

Öll þessi kort verða unnin með hefðbundinni teikniaðferð eins og upphaflegar áætlanir gera ráð fyrir, en ekki tölvutekin.

Kortavinnan er á eftir áætluninni frá okt. 1992. Ein ástæðan er sú að vinnan við berg- og setkortin hefur gengið afar hægt. Pumal fingursreglan sem notuð hefur verið um foldartímaþörf mismunandi kortgerða er berg : set : vatn = 3 : 2 : 1. Þessi hlutföll gilda ef berg- og setkort eru tilbúin á undan vatnafarskorti en ekki ef vatnafarskortið ryður brautina.

Vinnutímapörf við vatnafarskort til áramóta:

Viðeyjarkort, 1613 III NV 18-20 dagar

Bláfjallakort, 1613 III SA 9-10 dagar

Alls 27-30 dagar

Berggrunnskort.

Á þessu ári hef ég varið meiri tíma í berggrunnskort en áætlanir hljóðuðu upp á, einkum hefur óvænt vinna farið í Elliðavatnskortið 1613 III SV á síðustu vinnslustigum þess.

Skv. tímaáætluninni frá okt. 1992 skilaði ég HeTo mínum hluta Viðeyjarkortsins, 1613 III NV, í aprílþyrjun. Þar var grágrýtið teiknað inn, borholur, lindir, ýmis setlög og steingerfingastaðir. Eftir að fundur í vinnuhópnum verður haldinn um kortið, þann 1. okt., geri ég ráð fyrir að þurfa 1-2 daga til að endurskoða það í samræmi við ábendingar sem kunna að koma.

Í vor og haust hef ég unnið að athugunum við Bláfjallakortið 1613 III SA. Örfáa foldardaga þarf til viðbótar á því svæði. Skv. minnisblaði sem ég fékk frá HeTo og FS í febrúar 1993 var gert ráð fyrir að ég sæi ásamt Jóni Jónssyni um grágrýtið á Bláfjallakortinu. Áætlaðir voru 5 foldardagar til verksins. Þetta reyndist full knappur tími og reiknast mér til að þegar hafi farið 7 dagar. Þetta hef ég tilkynnt HeTo og hann látið óáttalið.

Athuganir á Mosfellssveitarkortinu eru hafnar, einkum til jaðranna þar sem raktar hafa verið jarðmyndanir af aðliggjandi kortblöðum inn á svæðið. Að öðru leyti er vinnan ekki mikið komin af stað.

Árni Hjartarson